

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Vallarselsreits, Vallarbraut 2-14 (jafnar tölur).

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 13. september 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting vegna Vallarbrautar 2-14, í Vallarselsreit á Akranesi.

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir einhalla þaki með 5° halla í stað mænispaks. Hámarkshæð húss verður innan þeirra marka sem upprunalegt skipulag gerði ráð fyrir.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 27. september 2005.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

Þorvaldur Vestmann.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Kirkjustétt 2-6.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 14. september 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarholt, svæði 1, vegna lóðarinnar að Kirkjustétt 2-6.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 27. september 2005.

Helga Bragadóttir.